



Fundargerð

Svæðisráð austursvæðis - 126. fundur svæðisráðs austursvæðis haldinn á fjarfundi, miðvikudaginn 12. júní 2024, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlapings, Urður Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fjótisdalshrepps, Einar Kr Haraldsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Díana Mjöll Sveinsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Alda Marín Kristinsdóttir, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Austurlands, Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður.

Andrés Skúlason og Pétur Heimisson voru fjarverandi.

1. Austursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarðar - 2006023

Þjóðgarðsvörður fór yfir verkefni á svæðinu. Allir landverðir komnir til vinnu í Snæfellsstofu fyrir sumarið og stýttist í að hálandislandverðir mæti. Ekki er útlit fyrir að það verði fært snemma inn á hálendið. Þjálfunardagar landvarða í Snæfellsstofu voru 6. og 7. júní og verða í byrjun júlí fyrir Krepputungu landverði í Dreka með norður Hálendi.

Verkleg fyrsta hjálp fyrir starfsfólk verður einnig í byrjun júlí.

Samningur vegna landvörslu við Hengifoss var undirritaður á dögnum.

Varðandi viðhald á Snæfellsskála þá er stefnt að því að skipta um þak í sumar, dreina undan skálanum og koma fyrir geymsluskúr fyrir nýjan olíutank.

Ferð stjórnar og svæðisráðs verður 26. - 28. ágúst.

Til kynningar.

2. Austursvæði - af vettvangi stjórnar - 2203071

Formaður svæðisráðs fer yfir mál af vettvangi stjórnar.

Til kynningar.

3. Áherslur 2024 - áskoranir og markmið þjóðgarðssvæða í rekstri og fjárfestingum - 2401028

Þjóðgarðsvörður fer yfir vinnuskjal með helstu áskorunum og markmiðum svæðisins í rekstri og fjárfestingum.

Til kynningar.



Fundargerð ritaði: Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 11:00.